

Minnisblað: Húnavetningur II

Dagsetning:	24. janúar 2022
Sendandi:	Samstarfsnefnd um sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps
Efni:	Aðkoma Alþingis og ríkisstjórnar að sameiningu sveitarfélaga
Viðtakandi:	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ferðamála, iðnaðar og nýsköpunarráðherra, umhverfis-, orku og loftslagsráðherra, innanríkisráðherra og þingmenn Norðvesturkjördæmis.

Verkefnið

Sveitarstjórnir Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps hafa ákveðið að kosið verði um sameiningu sveitarfélaganna þann 19. febrúar 2022. Verkefnið er unnið í samræmi við stefnumótandi áætlun í mál-efnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023.

Framtíðarsýn samstarfsnefndar er að sameinað sveitarfélag stuðli að vistvænu samfélagi fyrir íbúa og atvinnulíf með sjálfbærni að leiðarljósi. Öflug atvinnuþróun og samgöngubætur innan svæðisins eru forsenda þess að framtíðarsýnin nái fram að ganga.

Héraðs- og tengivegir

Slæmt ástand héraðs- og tengivega á svæðinu stendur uppbyggingu fyrir þrifum og skerðir lífsgæði íbúa. Margir íbúar aka um vegina daglega á leið til og frá vinnu og skóla. Í skólaakstri eru samtals eknir 240 km hvora leið. Þar af eru um 136 km á malarvegum, auk þess sem ekið er um níu einbreiðar brýr. Um 185 km (87%) héraðs- og tengivega innan marka sveitarfélaganna eru án bundins slitlags, sem og um 8 km stofnvega utan hálendisins (S).


Stóraukið viðhald og markviss uppbygging stofn-, tengi- og héraðsvega eru meðal forgangsverkefna í samgöngumálum. Lögð er áhersla á að byggja upp og leggja slitlag á Svínvetningabraut (20 km), Þingeyrarveg (6 km) og þann hluta Kjalvegjar sem telst til stofnvega (S) (8 km), þ.e. frá mótum Svínvetningabrautar og Kjalvegjar að Gilsá.

Fyrirhugaðar framkvæmdir við Blöndulínu 3 og vindmyllugarð í Blöndulundi á Steinárhálsi kalla auk þess á að vegir sem notaðir verða til aðflutninga á framvæmdatímanum verði byggðir upp þannig að þeir beri þungaflutninga (sjá „Minnisblað um Vegabætur í Blöndudal og Svartárdal í tengslum við lagningu Blöndulínu 3 og byggingu vindmyllugarðs í Blöndulundi“ dags. 24.01.2022).

Bundið slitlag á Blönduósflugvöll

Mikil umferð um þjóðveg 1 kallar á að viðbúnaður sé til staðar til að bregðast við slysum. Blönduósflugvöllur er eini flugvöllurinn á svæðinu á milli fjallveganna um Holtavörðuheiði og Þverárfjall/Vatnsskarð og gegnir því mikilvægu hlutverki sem sjúkraflugvöllur þegar færð um fjallvegi spillist og þegar hver mínúta skiptir máli fyrir slasaða eða sjúka einstaklinga. Bundið slitlag og traust undirlag er

Vegaflokkur	Bundið sl.	Möl	Alls
Stofnvegir (S)	81 km	8 km	89 km
Stofnvegir, hálendi (Sx)	-	83 km	83 km
Héraðsvegir (H)	3 km	71 km	75 km
Tengivegir (T)	23 km	114 km	137 km
Landsvegir (L)	-	82 km	82 km
Samtals	107 km	358 km	465 km



Slitlag vegna skv. vegasjá. Malarvegir eru sýndir með gulbrúnum lit. Þeir malarvegir sem samstarfsnefnd telur brýnt að leggja slitlag á eru merktir með rauðu.

forsenda þess að flugvöllurinn sé nothæfur þegar á þarf að halda og að öryggi flugáhafna og farþega sé tryggt sbr. [niðurstöður og tillögur starfshóps um öryggi flugvalla og lendingastaða frá nóvember 2021](#).

Styrking innviða til raforku- og gagnaflutninga

Tryggja þarf að sú mikla raforka sem framleidd er á svæðinu nýtist til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Aðgengi að raforku er takmarkað af burðargetu flutningskerfisins og byggðalínunnar. Mikilvægt er að auka burðargetu byggðalínunnar frá Blönduvirkjun að skilgreindum iðnaðarsvæðum innan sveitarfélaganna þannig að orkan nýtist notendum á svæðinu. Þá er mikilvægt að aðgerðir stjórnvalda til að ljósleiðaravæða landsbyggðina nái einnig til þéttbýlisins á Blönduósi.

Ferðapjónusta

Á svæðinu eru margar náttúruperlur, sögufrægir staðir, söfn og sýningar sem gætu með réttri markaðssetningu og uppbyggingu á aðstöðu laðað að sér fjölda ferðamanna. Hveravellir eru taldir meðal helstu segla í ferðapjónustu á Norðurlandi og svæðinu eru mikil sóknarfæri í uppbyggingu áfangastaða og þjónustu, til viðbótar við þá þjónustu sem fyrir er á svæðinu. Meðal áhersluverkefna eru uppbygging áningarstaðar og sögusýningar á Þrístöpum og göngu- og hjólréiðastíga á svæðinu. Mikil tækifæri liggja einnig í tengingu ferðapjónustu við grunnavinnuvegi, s.s. með því að skapa sérstöðu í sölu landbúnaðarafurða til ferðamanna beint frá býli.

Umhverfisakademía að Húnavöllum

Við fyrirhugaða sameiningu Húnavallaskóla og Blönduskóla á Blönduósi skapast ný tækifæri í nýtingu mannvirkja á Húnavöllum. Unnið er að er stofnun **Umhverfisakademíu**, þ.e. lýðskóla á framhaldsskólastigi með áherslu á umhverfisfræðslu, sem stutt getur við markmið um vistvænt samfélag og sjálfbærni. Rekstur umhverfisakademíu fellur jafnframt vel að þeirri ferðapjónustu sem rekin er á Húnavöllum og á svæðinu.

Þjónusta ríkisins

Markmið Húnvetninga er stuðla að fjölbreyttum störfum og atvinnulífi, sbr. lið **B.9.** og **B.14.** í **Stefnumótandi byggðaáætlun** og opinberum störfum fjölgi, sbr. lið **B.7.** Brýnt er að umbætur verði í þjónustu ríkisins í samræmi við markmið Stefnumótandi byggðaáætlunar. Í því felst m.a.:

- Að núverandi heilbrigðisþjónusta verði eflað og boðið upp á fjarlækningar til viðbótar við hefðbundna þjónustu, í samræmi við 5. mgr. **C-kafla í Stefnumótandi byggðaáætlun.**
- Að starfsemi innheimtumiðstöðvar sýslumanns á Blönduósi verði eflað og verkefnum fjölgað, til dæmis með innheimtu námslána, innheimtu meðlaga eða öðrum sambærilegum verkefnum.
- Að uppbygging rannsóknar- og þróunarstarfs, m.a. á sviðum textíliðnaðar, umhverfismála, landbúnaðar og hátæknimatvælaíðnaðar verði eflað og fjölbreytningu aukin, sbr. m.a. liður **A.16** í **Stefnumótandi byggðaáætlun.**

Að lokum

Sveitarstjórnarfolk í Blönduósbæ og Húnavatnshreppi hefur tekið frumkvæði í að fylgja stefnu stjórnvalda með því að kanna forsendur fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Samstarfsnefnd væntir þess að ríki og Alþingi fylgi eigin stefnumörkun á sama hátt og sveitarfélögin, með því að forgangsraða fjármunum til að styðja myndarlega við verkefnið. Á þann hátt verður auðveldara að afla tillögum um sameiningu sveitarfélaganna fylgis meðal íbúa.

Nánari upplýsingar veita

Jón Gíslason, formaður sameiningarnefndar, S. 8683750, jon@hunavatnshreppur.is
Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri, Sími 6495535, robert@rrradgjof.is